Nr. 1005 27. nóvember 2012

# SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um gatnagerðargjald, stofngjald fráveitu, byggingarleyfisgjald, gjöld vegna skipulagsvinnu, afgreiðslu- og þjónustugjöld og gjaldskrá vatnsveitu Langanesbyggðar nr. 992/2012.**

1. gr.

Við 9. gr. samþykktarinnar bætist ný málsgrein sem orðast svo: Árlegt fráveitugjald er 0,225% af heildarálagningarstofni. Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

2. gr.

Samþykkt þessi var samþykkt í sveitarstjórn Langanesbyggðar 25. október 2012 og er sett með heimild í lögum nr. 153/2006 um gatnagerðargjald, skipulagslögum nr. 123/2010, lögum um mannvirki nr. 160/2010 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og á grundvelli laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005. Samþykktin öðlast þegar gildi.

*Þórshöfn, 27. nóvember 2012.*

**Gunnólfur Lárusson** sveitarstjóri.

__________

B-deild – Útgáfud.: 27. nóvember 2012